


Urðunarsvæði fyrir sorp

Laugardal við Húsavík

Mars 2013

Skipulags og matslýsing



Skipulagslýsing og matslýsing

Skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2000 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2006.

Helstu viðfangsefni og áherslur

Deiliskipulag sorpurðunarsvæðis í Laugardal við Húsavík. Deiliskipulagssvæðið er afmarkað með gulri línu á loftmynd. Svæðið er í landi Norðurþings og staðsett norðan við bæinn.

Stærð skipulagssvæðisins samkvæmt aðalskipulagi er 6,7 ha. Aðkoma að svæðinu er frá Norðausturvegi nr. 85.



Mynd 1. Afmörkun sorpurðunarsvæðisins eins og hún er í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar verður unnið af verkfræðistofunni EFLU. Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlaða og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Fyrirliggjandi stefna og forsendur

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Norðurþings 2010-2030. Í aðalskipulaginu er svæðið merkt sem sorpförgunarsvæði S1 og nánar skilgreint sem urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang og geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstímur frá þjónustusvæði sorpsamlags Þingeyinga. Heimilt er að taka á móti allt að 5000 tonnum af úrgangi á ári. Land umhverfis urðunarsvæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og er hluti svæðisins jafnframt skilgreint sem svæði undir náttúruvá (sprungusvæði). Þar er ekki heimilt að reisa varanleg mannvirki.

Svæðið hallar til norðvesturs, að sjó. Þó segja megi að svæðið sé að mestu gróið hefur því verið raskað að miklu leyti enda hefur verið starfræktur þar tippur fyrir óvirkan úrgang og geymslusvæði um nokkurt skeið.

Fornminjar hafa verið skráðar innan þéttbýlissvæðis Húsavíkur, þ. á m. beitarhústöftir í Laugardalnum sem taldar eru hafa varðveislu- og kynningargildi. Þær eru staðsettar rétt sunnan urðunarsvæðisins. Engar þekktar minjar eru innan framkvæmdasvæðisins.

Deiliskipulagið er unnið með það að meginmarkmiði að endurnýja starfsleyfi urðunarstaðarins en vegna þess þarf að deiliskipuleggja svæðið skv. reglugerð 738/2003 um urðun og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Landeigandi á svæðinu er Norðurþing

Umfang og áherslur umhverfismats

Sá þáttur deiliskipulagsins sem talinn er geta valdið umhverfisáhrifum er sorpurðunin þ.e. uppgröftur jarðefna, urðun, fok, sigvatn og meindýr.

Þeir umhverfisþættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum skipulagsins eru landslag og ásýnd, fuglalíf, gróður, fornleifar, grunnvatn og andrúmsloft.

Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra og Umhverfisstofnun.

Skipulag- og matslýsingin verður auglýst og tekið við athugasemdum vegna hennar. Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum er heimilt að gera athugasemd við tillöguna innan auglýsts athugasemdafrests.

Fyrirhugað skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferli og tímasetningum birt með fyrirvara um breytingar

Mars 2013	Skipulags- og matslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.
Mars 2013	Skipulags og matslýsing auglýst á heimasíðu Norðurþings skv. 3 mgr. 40 gr. skipulagslaga.
Apríl 2013	Afgreiðsla skipulagsnefndar og bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu til forkynningar.
Apríl 2013	Forkynning deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga.
Maí 2013	Afgreiðsla skipulagsnefndar og bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu vegna heimildar til auglýsingar skv. 1 mgr. 41 gr. skipulagslaga.
Maí – júní 2013	Umsagna leitað um skipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Maí - júní 2013	Auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga.
Júlí 2013	Samþykkt deiliskipulags í skipulagsnefnd og bæjarstjórn skv. 3 mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Júlí 2013	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun innan átta vikna frá afgreiðslu sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga.
Ágúst 2013	Gildistaka deiliskipulagsins auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.